

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi þann 23. febrúar 2021 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

Lambamýri, Grásteinsmýri, Hestamýri, óveruleg breyting á deiliskipulagi Breiðumýrar.

Breytingin felst í því að fjölbýlishúsalóðir og bílastæðis-/bílageymslulóðir við Lambamýri, Grásteinsmýri og Hestamýri sameinist í eina sameiginlega lóð. Lóðirnar Lambamýri 1, 3 og 5 sameinast við bílageymslulóð og nefnist Lambamýri 1, 3 og 5. Lóðirnar Grásteinsmýri 1, 3 og 5 sameinast við bílageymslu-/bílastæðislóð og nefnist Grásteinsmýri 1, 3 og 5. Lóðirnar Hestamýri 1, 3 og 5 sameinast við bílageymslu-/bílastæðislóð og nefnist Hestamýri 1, 3 og 5.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 3. júní 2021 eftirfarandi:

Kornakur 7, óveruleg deiliskipulagsbreyting Akrahverfis.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að hluti af kjallara fari út fyrir byggingarreit að ofanverðu. Umrædd rými verða alfarið niðurgrafin og án glugga. Breyting nær að hluta til að lóðarmörkum.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi þann 21. júní 2021 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

Víkurgata 4, óveruleg deiliskipulagsbreyting Urriðaholts, vesturhluta.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að hluti af kjallara fari út fyrir byggingarreit að ofanverðu. Umrædd rými verða alfarið niðurgrafin og án glugga. Breyting nær að hluta til að lóðarmörkum.

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 22. júní 2021 eftirfarandi:

Blikanes 9, óveruleg deiliskipulagsbreyting Arnarness.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir viðbótarbifreiðastæði í norðausturhorni lóðarinnar.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi þann 23. ágúst 2021 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

Eskiás 3a, óveruleg breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda.

Breytingin gerir ráð fyrir að Eskiás 3a verði skipt upp í tvennt og verði Eskiás 3a og Eskiás 3b.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 3. september 2021.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.